

## Fundur í skólanefnd fimmtudaginn 16. maí kl. 16:15-17:15

**Fundarstjóri:** Erna Björnsdóttir

**Fundarritari:** Herdís Þ. Sigurðardóttir

**Mættir:** Dóra Ármannsdóttir, Erna Björnsdóttir, Guðrún Árný Guðmundsdóttir, Gunnar Árnason, Halla Tryggvadóttir, Halldór Valdimarsson, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Þorkell L. Þórarinsson.

**Forföll:** Fulltrúar nemenda; Lilja Björk Hauksdóttir og varamaður hennar; Reynir Örn Hannesson.

### 1. Útskrift

Dóra sagði frá fyrirhugaðri útskrift frá FSH laugardaginn 25. maí nk.

### 2. Fundur í menntamálaráðuneytinu

Dóra sagði frá fundi sínum og Herdísar í menntamálaráðuneytinu þann 19. apríl sl. Á fundinum var fjallað um skólasamning, ársskýrslu 2012, ársnemendatölur, námsframboð, rekstrarmál og námskrárvinnu. Fundurinn gekk vel og var upplýsandi á báða bóga.

### 3. Starfsmannamál

Dóra kynnti breytingar á starfsmannahaldi:

Hjördís Eva Ólafsdóttir hættir. Ráða þarf námsráðgjafa í hennar stað.

Unnar Þór hættir en hann hefur verið í afleysingum í námsleyfi Ingólfs Freyssonar sem kemur til starfa næsta haust.

Kristín Magnúsdóttir hættir en hún hefur verið í afleysingum fyrir Elínu Kristjánsdóttur sem kemur til starfa næsta haust.

Páli Steingrímssyni hefur verið sagt upp störfum sem kerfisstjóra skólans. Til stendur að gera samning við Advania um umsjón með tölvukerfi skólans.

### 4. Skólalóðin

Fyrirhugaðar eru breytingar á skólalóð í sumar. Lagðir verða göngustígar sunnan við skólann.

Guðrún Árný gerði athugasemd við að oft væru sígarettustubbar við reykingastaurinn austan við skólann. Þetta væri ekki gott fyrir ásýnd skólans. Rætt var um að gera átak í að hreinsa til á þessu svæði.

## 5. Önnur mál

Halla Rún las upp erindi frá foreldrafélagi skólans þar sem ánægju var lýst með dimmiteringu útskriftarnema. Dimmiteringin var áfengislaus í ár og fór vel fram.

Erna Björnsdóttir lýsti yfir ánægju með að greinaskrif stjórnenda skólans í Skarpi og aukinn sýnileika í samfélaginu.

Dóra greindi frá því að Margrét Hólm Valsdóttir væri orðin formaður skólanefndar Framhaldsskólans og Laugum og hefði því beðist undan setu í skólanefnd FSH. Rætt var um að Halldór Valdimarsson tæki sér sæti sem aðalmaður í stað hennar og að Hanna Ásgeirsdóttir yrði varamaður hans.

Guðrún Árný tilkynnti enn fremur að hún myndi ekki geta setið í skólanefnd á næsta ári og því yrði að finna manneskju í hennar stað.

Dóra sagði frá því að næsta haust kæmi í skólann fyrsta sinn nemandi sem bundinn væri við hjólastól. Gerðar yrðu bráðabirgðaráðstafanir til að koma til móts við þarfir hans á meðan beðið væri eftir lyftu og öðrum úrræðum til að koma til móts við þarfir fatlaðra nemenda.

Fleira var ekki rætt,  
fundi slitið.